



Á döfinni

Dagsrá mánaðarins má finna hér
að neðan ásamt matseðlinum.

Pistill skólastjóra

Heil og sæl,

Sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur að sjálfsögðu áhrif á skólastarf eins og aðra starfsemi í þessu víðfeðmasta sveitarfélagi landsins. Það er okkar sem búum hér að láta sameiningu ganga vel og leggja okkar að mörkum til að svo geti orðið, með jákvæðni að vopni. Hugurinn ber okkur hálfu leið og hugarfarið er svo sannarlega lykillinn að velgengni.

Samstarf milli skóla tel ég að geti geti aldrei verið annað en af hinu góða. Við skólastjórnendur og starfsfólk skólanna þriggja erum nú þegar farin að huga að bæði félagslegu og námslegu samstarfi. Við teljum mikilvægt að byrja að efla félagstengsl nemenda og þá sér í lagi unglínganna eftir tvö erfið ár í „einangrun“.

Reykjahlíðarskóli ætlar því að brjóta ísinn og bjóða unglíngum Þingeyjar – og Stórutjarnaskóla til sín kl 14:00 (kl. 2) þann 22.2.22. Unglíngarnir okkar munu skipuleggja skemmtidagskrá fyrir gestina. Í framhaldinu er áætlað að hinir skólarnir tveir bjóði heim í mars og apríl.

Ekki nóg með það heldur munu nemendur skólanna þriggja vinna saman þrjú rafræn verkefni nú í febrúar til að styrkja tengslin áður en þeir hittast í fyrsta skipti.

Þetta samstarf skólanna er aðeins brotabrot af því sem koma skal og hlakka ég mikið til að taka þátt í sameiningu sveitarfélaganna af opnum, frjóum og jákvæðum hug. Við erum öll í þessu saman og öll höfum við hugmyndir um hvernig gera megí gott samfélag betra. Komum þeim á framfæri og finnum lausnir!

Kær kveðja,

Hjördís

Sá sem aldrei
er forvitinn
verður aldrei
fróður

Lífshlaupið

Er heilsu- og hvatningarverkefni sem ÍSÍ stendur fyrir á hverju ári. Markmið verkefnisins er að hvetja landsmenn til að hreyfa sig og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Nemendur eiga að hreyfa sig í minnst 60 mín á dag og skrá á tiltekið dagatal sem nemendur fá með sér heim. Fyrir hvern dag sem nemendur hreyfir sig í 60 mín eða meira klippir hann út fót eða hendi og hengir upp í lífshlaupsorminn sem verður í salnum. Lífshlaupið stendur yfir í 2 vikur, mið 2. feb – mið 15. feb.

Jákvæður agi

Höfum í huga að Jákvæður agi er að sýna góðvild og festu á sama tíma.

4. – 6. bekkur

Í janúar höfum við tekið landafræðina aftur inn fyrir allan hópinn og erum nú að læra um jörðina. Við höldum áfram að leggja áherslu á lesturinn og lesa nemendur fyrir kennara fjórum sinnum í viku.

Nemendur 5. og 6. bekkjar eru að vinna þemaverkefni um sig sjálf og gengur það nokkuð vel. Sú vinna mun standa eitthvað fram í febrúar.

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir þorrablótið og munu nemendur vera með skemmtiatriði eða leiki.

2. – 3. bekkur

Nemendur í 2. og 3. bekk vinna nú að því að gera bekkjarsáttmála, þar ákveða þau sjálf hvaða samskipta- og umgengnisreglur þau vilja að gildi í bekkjarhópnum. Framundan er vinna við þemaverkefni um þau sjálf sem mun taka nokkrar vikur. Þar þurfa þau til dæmis að vinna með og segja frá styrkleikum sínum, áhugamálum, fjölskyldu og markmiðum.

7. – 10. bekkur

Síðan fyrir jól hafa nemendur unnið að verkefninu „heimilishald“, þar sem hver hópur fékk úthlutaða fjölskyldu. Þau ákváðu svo sjálf fjölskyldumynstur, atvinnu og tómstundir. Þau áttu að reka fjölskyldu í heilan mánuð, skila bókhaldi, fjölskyldumynd og taka upp dag í lífi eins fjölskyldumeðlims. Upp komu einnig óvæntir atburðir sem fjölskyldan þurfti að takast á við saman, eins og t.d. þvottavélin brann, brotist inn og hitaveiturör sprakk. Stóðu þau sig öll með þryði og útkoman frábær. Vona að hægt sé að sýna útkomuna einhvern tímann. Næstu vikur munum við einbeita okkur meira að hefðbundnu námi, þar sem farið verður dýpra í þjóðfélagsfræði og náttúrufræði.

Tónlistarskóli

Eins og hjá öllum í samfélaginu hefur Covid haft áhrif á tónlistarskólann. Engir tónleikar hafa verið haldnir og því hafa foreldrar hvorki fengið að sjá né heyra mikið af uppskerunni.

Tónlistarkennslunni er þannig háttað að hverjum einasta nemenda er mætt þar sem hann er. Nemandi og kennari velja í sameiningu þau lög sem þykja henta hverju sinni. Þá er tekið mið af getu og áhuga nemenda hverju sinni. Markmiðið er að tímarnir séu ánægjulegir og skemmtilegir en einnig mátulega krefjandi.

Við erum að vinna að því að halda tónleika í einhverju formi eins og aðstæður leyfa.

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband við mig.

Kær kveðja: Stefán JAK

2. árg. febrúar 2022

Dagskrá Reykjahlíðarskóla febrúar 2022

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
	1. Grænmetisbuff, grænmeti og súrsæt sósa (val 4.-6. bekkjar)	2. Soðinn fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti. <i>Hreyfidagur</i>	3. Þorrablot í hádeginu	4. Pasta hlaðborð, grænmeti og afgangur af Þorramatnum	5.	6.
7. Plokkfiskur, grænmeti, og rúgbrauð	8. Lambalæri, kartöflur, sósa og grænmeti	9. Fiskur í raspi, kartöflur og grænmeti <i>Opið hús 6. -10. bekkur. 18:30 – 21:30</i>	10. Grænmetis Lasagne, grænmeti, hvítlauksbrauð (val 7. - 10. bekkjar)	11. Kjötsúpa og brauð <i>Fræðsla frá samtökunum '78</i>	12.	13.
14. Fiskréttur, hrísgrjón og grænmeti	15. Grænmetisbuff, bygg, grænmeti og súrsæt sósa	16. Silungur, kartöflur, grænmeti og tzatziki sósa	17. Kjötbollur bolognese, pasta og grænmeti	18. Pizza (val 1. bekkjar)	19.	20.
21. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti og kokteil sósa	22. Grænt pasta með kjúkling og grænmeti <i>Unglingarnir bjóða unglíngum Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla í partý 14:00 – 21:30</i>	23. Soðinn fiskur, grænmeti, kartöflur og lauksmjör	24. Kjúklingaleggir, franskur, kokteilsósa og grænmeti <i>Danskennsla</i>	25. Grjónagrautur og brauð <i>Danskennsla</i>	26.	27.
28. Vetrarfrí						

2. árg. febrúar 2022